



AGANEFND



Handknattleikur



Blak



Knattspyrna



Borðtennis



Taekwondo



Dans



Bandý

Handknattleiksfélag Kópavogs

Aganefnd

Við alvarleg brot á reglum og lögum félagsins er málum vísað til aganefndar HK sem tekur mál til umfjöllunar og afgreiðslu í samræmi við lög félagsins.

Aganefnd HK er skipuð þremur nefndarmönnum að lágmarki, tveimur skipuðum af aðalstjórn ásamt einum fulltrúa hversrar deildar. Þegar mál eru tekin fyrir skal bæta við nefndarmanni úr þeirri íþróttagrein sem málið varðar. Nefndinni er heimilt að leita sér sérfræðiráðgjafar eftir þörfum.

1. Aganefnd skal vera starfandi á hverjum tíma í félaginu. Hún skal taka til meðferðar mál félaga og/eða iðkenda sem taldir eru hafa sýnt vítaverða framkomu. Skal nefndin sannreyna mál og ákveða viðurlög.
2. Aganefnd má ekki beita úrræðum sem leiða til kostnaðar fyrir félagið, án fyrirfram samþykkis þeirrar deildar sem í hlut á, eða eftir atvikum aðalstjórnar.
3. Aganefnd þarf að vera fullmönnuð þremur nefndarmönnum til að geta tekið mál til umfjöllunar.
4. Niðurstöðu aganefndar má skjóta til aðalstjórnar og skal þá skipa viðkomandi félagsmanni talsmann honum til fulltingis.
5. Aganefnd tekur upp mál sem vísað er til nefndarinnar frá deildarstjórnnum. Auk þess getur aganefnd tekið upp mál að eigin frumkvæði.

